



126. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV,
þriðjudaginn 4. október 2016, kl.18.00 á Hótel Stykkishólmi.

Mætt voru; Kristín Björg Árnadóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Eypór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Magnús Smári Snorrason, Árni Hjörleifsson, Valgarður Jónsson, Ása Helgadóttir, Hilmar Hallvarðsson og Ingveldur Guðmundsdóttir. Raket Óskarsdóttir og Guðveig Eyglóardóttir boðuðu forföll. Einnig sátu fundinn Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri, og Hrefna B. Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Kristín Björg Árnadóttir, formaður SSV, setti fund kl.18.00

1. Framlögð fundargerð frá 125. fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 125. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Almenningsamgöngur

a. Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV fyrstu átta mánuði ársins 2016.

b. Breytingar á gjaldskrá almenningsamgangna á landsbyggðinni

Lagt fram minnisblað frá Strætó bs. Jafnframt greindu formaður og framkvæmdastjóri frá þeirri umræðu sem hefur orðið um þetta mál á sameiginlegum fundum landshluta-samtakanna. Framkvæmdastjóra SSV falið að vinna áfram að málinu og afla upplýsinga samkvæmt umræðu á fundinum.

c. Ósk um breytingar um ferðaáætlun Strætó bs.

Lagt fram erindi frá Ásu Hólmarsdóttur, Hvalfjarðarsveit, þar sem farið er fram á fjölgun ferða á leið 57 svo nemendur í Fjölbrautaskóla Vesturlands geti tekið strætó í tengslum við skólasókn til Akraness. Einnig er óskað eftir stoppistöð við Hvalfjarðargöng. Jafnframt var lagt fram erindi frá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar um sama mál. Framkvæmdastjóri kynnti tölvupóst frá Strætó bs. þar sem farið er yfir með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við erindi Ásu. Stjórn óskar eftir kostnaðarmati við þær hugmyndir sem reifaðar eru í tölvupósti Strætó bs..

3. Sóknaráætlun Vesturlands

Rætt um vinnu við áhersluverkefni Vesturlands fyrir komandi ár. Stjórn tók undir tillögu Samráðsvettvangs Vesturlands frá fundi hans 4. október s.l. um að starfsmenn SSV ynnu tillögu að 7 til 8 sóknaráætlunarverkefnum sem verði bornar undir samráðsvettvanginn.

Þá var rætt um heimsókn fulltrúa Byggðastofnunar á fund Samráðsvettvangs Vesturlands 4. október s.l. þar sem kynnt var vinna við 7 ára byggðaáætlun. Ákveðið var að senda inn tillögur til vinnu við byggðaáætlun, þ.e. til Byggðastofnunar og vitnað til kynningar fulltrúa stofnunarinnar fyrr um daginn. Framkvæmdastjóra falið að vinna að útfærslu tillagna um menningarmál, menntamál, fjarskipti, opinber störf og stefnumótun varðandi móttöku nýbúa.

4. Samgönguáætlun

Lögð fram tillaga að samgönguáætlun fyrir Vesturland árin 2017-2029. Nokkur umræða varð um tillöguna og voru stjórnarmenn almennt mjög sáttir við hana. Í umræðunni kom fram að bæði Stykkishólmsbær og Grundarfjarðarbær hafa sent inn ábendingar um viðbót við framkvæmdaáætlun í hafnarmálum og sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ályktað um vegaframkvæmdir um Skógarströnd. Árni Hjörleifsson vakti athygli á því að hann myndi leggja til í umræðu á haustþingi að kveðið yrði sterkara að orði varðandi uppbyggingu tengivega, en hann taldi mikilvægt að útrýma malarvegum í byggð á næstu árum.

Stjórnarmenn voru sammála um að ef ekki náist niðurstaða á haustþingi um tillöguna þá muni stjórn SSV stýra frekari umræðum um mögulegar breytingar á tillögunni. Jafnframt voru stjórnarmenn sammála um að endurskoða þurfi samgönguáætlun Vesturlands með reglubundnum hætti, enda nær tillagan til 12 ára.

5. Haustþing SSV 2016

Lögð fram dagskrá haustþings. Rætt um framkvæmd haustþings SSV í Stykkishólmi. Tillaga að dagskrá var samþykkt óbreytt.

6. Fjárhags- og starfsáætlun SSV fyrir árið 2017

Lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlun SSV fyrir árið 2017. Gerð er tillaga um hækkun á framlagi sveitarfélaganna til starfsemi SSV um 2%. Grunnjald hækki úr 520.000 kr. í 530.000 kr. og fast gjald pr. íbúa hækki úr 1620 kr. í 1650 kr. Jafnframt er gerð tillaga um að framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar Vesturlands verði óbreytt eða 750 kr. pr. íbúa. Framlögð tillaga að fjárhags- og starfsáætlun samþykkt af stjórn og vísað til Haustþings 2016.

Undir umræðu um fjárhagsáætlun var lögð fram tillaga um að stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að endurnýja Skoda bifreið SSV sem staðsett hefur verið á Snæfellsnesi. Bílinn er orðin ríflega 10 ára gamall og viðhaldskostnaður farið vaxandi. Stjórn samþykkti að heimila endurnýjun á bílnum og færast kostnaður vegna hennar á árið 2016.

Í ársreikningi SSV fyrir árið 2015 var uppgjör á menningarsamningi og vaxtarsamningi Vesturlands og þeir formlega lagðir niður. Í árslok 2015 voru eignir þeirra samtals 16.524.742 kr. sem færðir voru inn í eiginfjárreikning SSV. Fjármunir þessir hafa verið færðir inn á reikning Sóknaráætlunar Vesturlands. Samþykkt að flytja þessa fjármuni yfir á árið 2017 og framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu á næstu fundi stjórnar um það hvernig þessir fjármunir verði nýttir.

7. Ályktanir fyrir Haustþing 2017

Framlögð drög að ályktunum fyrir vinnuhópa á haustþingi SSV. Tillögur liggja frammi fyrir vinnuhópa haustþingsins til frekari úrvinnslu.

8. Kosning varaformanns og ritara SSV

Ný stjórn SSV var kosin á aðalfundi vorið 2016. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega, hins vegar kýs stjórn varaformann og ritara. Rakel Óskarsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir hafa gengt stöðu varaformanns og ritara frá árinu 2014. Stjórn samþykkti að endurnýja umboð þeirra og var Rakel kosin varaformaður til næstu tveggja ára og Hafdís ritari.

Fundi slitið kl. 19:30